

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
60. fundur, haldinn að Lyngási 12 Egilsstöðum, 17. desember 2013

Mættir: Björn Ármann Ólafsson, Ruth Magnúsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson (mætti kl. 16.40), Þórhallur Þorsteinsson (mætti kl. 17) og Skúli Björn Gunnarsson. Einar Kr. Haraldsson var í símasambandi. Jafnframt sátu fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður og Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarþjóðgarðsvörður.

Dagskrá:

- 1. Dagskrá fundar og undirritun fundargerða**
- 2. Breytingar í stjórn Vatnajökulspjóðgarðs og hugmyndir hagræðingarhóps**
- 3. Atvinnustefna þjóðgarðsins**
- 4. Verndaráætlun fyrir Krepputungu - undirbúningur**
- 5. Næsti fundur svæðisráðs**
- 6. Önnur mál**

Björn Ármann stýrði fundi og setti hann kl. 16.20.

1. Dagskrá fundarins og undirritun fundargerða

Formaður fór yfir dagskrá fundarins. Engar athugasemdir gerðar við hana. Fundargerð 59. fundar, sem samþykkt hafði verið í tölvupósti, var undirrituð.

2. Breytingar í stjórn Vatnajökulspjóðgarðs og tillögur hagræðingarhóps

Formaður sagði frá þeim breytingum sem orðið hafa á stjórn þjóðgarðsins en Hjalti Vignisson, fyrrum bæjarstjóri á Höfn, hefur tekið við formennsku.

Fundarmenn höfðu kynnt sér tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar um að sameina alla þjóðgarða landsins og greinargerð starfshóps um endurskoðun stjórnfyrikkomulags Vatnajökuls. Rætt var um þær tillögur sem koma fram í þessum gögnum en þær verða til umfjöllunar á stjórnarfundum í vikunni. Svæðisráð áskilur sér rétt til að fá að fylgjast með þessum málum og fjalla formlega um tillögur áður en ákvarðanir verða teknar.

3. Atvinnustefna þjóðgarðsins

Fyrir fundinum lágu drög að atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn unnin af Alta. Rætt var um öryggisáætlanir, kröfur um þekkingu og menntun starfsfólks samningsaðila og mikilvægi þess að hugtakið sjálfbærni sé notað meira í atvinnustefnunni.

Svæðisráð telur ástæðu til að taka fram í kafla 2. um samningsbundið samstarf varðandi skyldur aðila, að krafa verði gerð um menntun og reynslu starfsfólks.

Í lista yfir hagsmunaaðila vantar m.a. Ferðamálasamtök Austurlands og sá misskilningur kemur fram að SSA sé „inni í“ Austurbrú. Ef til vill vantar fleiri aðila hér fyrir austan. Svæðisráðsfulltrúar ætla að fara yfir listann og koma lagfæringum á framfæri við þjóðgarðsvörð.

4. Verndaráætlun fyrir Krepputungu - undirbúningur

Þjóðgarðsvörður gerði grein fyrir drögum að verkáætlun vegna stækkunar austursvæðis í Krepputungu. Fundarmenn höfðu fengið sent minnisblað frá Alta um verkáætlunina. Í því kemur fram að verkferlið taki um 30 vikur og skiptist í eftirfarandi þætti:

- Gerð lýsingar, kynning á henni og auglýsing
- Mótun tillögu, þ.m.t. upplýsingaöflun, ritun og samráð
- Umfjöllun í svæðisráði og stjórn
- Auglýsing tillögunnar og samantekt athugasemda
- Afgreiðsla athugasemda í stjórn

Þessi vinna er á ábyrgð svæðisráðs en í máli þjóðgarðsvarðar kom fram að mörg gögn lægju fyrir, m.a. vegna fyrri vinnu varðandi austursvæði þjóðgarðsins. Gert er ráð fyrir að skipulagslýsing á breytingum liggi fyrir í lok janúar ásamt traustum lista yfir hagsmunaðila og fundaplani vegna samráðs. Þjóðgarðsvörður mun vinna lýsinguna og ráðgert að drög að henni verði tekin fyrir á fyrsta fundi svæðisráðs á nýju ári ásamt fundaplani. Skipulagslýsingin verði síðan send út í kjölfarið og auglýst. Samráðsfundi þarf að halda í febrúar og mars. Svæðisráð er einhuga um að þessi vinna verði öll markviss og samráðsferlið eins formlegt og skilvirkt og kostur er.

5. Næsti fundur svæðisráðs

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 16. janúar kl. 16. að Lyngási.

6. Önnur mál

- Framlög til austursvæðis á næsta ári.** Einar spurði eftir því hvernig útlit væri fyrir næsta ár í rekstri austursvæðis. Öllum rekstrarsvæðum er gert að skera niður í rekstri og framkvæmdafé verður af mjög skornum skammti. Þórhallur minnti á mikilvægi þess að endurbyggja brú yfir Volgu.
- Náttúrupassi.** Umræður um þær hugmyndir sem komnar eru fram um náttúrupassa, en nú er að störfum samráðshópur sem fulltrúi þjóðgarðsins á aðild að. Svæðisráðsfulltrúar hafa mismikla trú á náttúrupassa.
- Jaðarmiðstöð í Möðrudal.** Ruth spurði eftir stöðu mála varðandi jaðarmiðstöðina. Bókun svæðisráð frá 8. ágúst var tekin upp á stjórnarfundi en síðan hefur lítið gerst. Svæðisráð er sammála um að senda bréf til sveitarfélaga á austur- og norðursvæði vegna upplýsingagjafar í Möðrudal og fylgja málinu eftir. Formanni falið að senda slíkt bréf.
- Austurstræti milli Fljótsdals og Lóns.** Jóhann sagði frá kynningarfundum sem þeir Þórhallur sátu um uppbyggingu þessarar gönguleiðar. Fljótsdalshreppur hefur sett inn á aðalskipulag skálasvæði við Folavatn til að styðja þessar hugmyndir. Svæðisráði lýst vel á þau áform sem þarna eru uppi.
- Samstarf um markaðssetningu þjóðgarðs.** Skúli Björn greindi frá því að hann hefði sótt ráðstefnu og uppskeruhátíð, Ríki Vatnajökuls - Tilvist og tækifæri, á Höfn 1. nóv. Þar hefði hann setið í vinnuhóp um að nýta þjóðgarðinn meira sem markaðstæki fyrir stærra svæði allt umhverfis jökulinn, frá Húsavík til Víkur. Ráðgert er að á næsta ári verði komið á fót vinnuhópi með aðilum ferðaþjónustunnar úr öllum svæðisráðum og fleiri aðilum til að móta hugmyndir um málið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.10.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Einar Kr. Haraldsson

Þórhallur Þorsteinsson